

# Verkefnastjóri

Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) leitar að verkefnastjóra í hálf t starf á skrifstofu félagsins í Reykjavík frá og með 1. nóvember 2017. Verkefnastjóri sér um daglegan rekstur og utanumhald um starfsemi félagsins, tekur virkan þátt í þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna, annast upplýsingagjöf og hefur umsjón með fundum og fræðslumálum, auk þess að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum.

## Helstu verkefni

- Rekstur félagsins, innheimta félagsgjalda og félagatal
- Virk þátttaka í mótun og þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna
- Miðlun upplýsinga og þjónusta við forstöðumenn varðandi réttindamál og við úrlausn álitaeftna
- Eftirlit með framkvæmd launasetningar, fylgjast með og kalla eftir endurskoðun launa og kjara vegna breytinga á störfum forstöðumanna eða launaþróun almennt
- Viðhald og þróun vefsíðu [www.ffr.is](http://www.ffr.is)
- Undirbúningur og utanumhald félags- og fræðslufunda með samstarfsaðilum, ritun fundargerða
- Samstarf við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins

## Menntun og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og á sviði mannauðs- og kjaramála
- Þekking á starfsumhverfi forstöðumanna nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að sinna fjölbreyttum verkefnum
- Öguð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum,
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta, þekking á sviði vefumsjónar er kostur

Félag forstöðumanna ríkisstofnana er samstarfs- og hagsmunafélag og tengiliður við stjórnvöld varðandi málefni félagsmanna og stofnana. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir frá ráðningu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi aðildarfélags BHM.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2017 og sendist á [ffr@ffr.is](mailto:ffr@ffr.is).** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veitir Björn Karlsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana á [ffr@ffr.is](mailto:ffr@ffr.is). Sjá einnig [www.ffr.is](http://www.ffr.is)